



STJÓRNARFUNDUR BYGGÐASAMLAGS UM MÁLEFNI FATLAÐRA Á NORÐURLANDI VESTRA FÖSTUDAGINN 24. MAÍ 2013 KL 12:00

Föstudaginn 24. maí 2013 kom stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra saman til fundar í Eyvindarstofu á Blönduósi

Mætt voru. Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Hanna Þrúður Þórðardóttir Leó Örn Þorleifsson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð. Guðrún Pálína Jóhannsdóttir varmamaður Svanfríður Jónasdóttir og Sigurður V. Ásbjarnarson voru í símasambandi, Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri sat einnig fundinn.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði. Í upphafi fundar óskaði framkvæmdastjóri eftir að 5. lið dagskrár yrði frestað þar sem ársreikningur reyndist ekki tilbúinn frá endurskoðanda.. Samþykkt.

1. **Fundargerð þjónustuhóps frá 14. mars 2013.** GSG kynnti einstaka liði
2. **Fundargerð þjónustuhóps frá 23. Apríl 2013.** GSG kynnti einstaka liði
3. **Fundargerð þjónustuhóps frá 16. Maí 2013.** GSG kynnti einstaka liði.
4. **Rekstarstaða byggðasamlagsins jan-apríl 2013.** Framkvæmdastjóri kynnti einstaka liði.
5. **Ársreikningur Bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra 2013.** Afgreiðslu frestað til næsta fundar þar sem reikningurinn var ekki tilbúinn frá endurskoðanda.
6. **Uppgjör til þjónustusvæða bs fyrir árið 2012.**

Lögð fram lokaniðurstaða rekstrar ársins 2012 á þjónustusvæðunum. Lokaniðurstaða einstakra svæða var eftirfarandi. Viðmiðunarhlutfall 100%. Húnaþing vestra 101%, A-Hún 101%, Svf. Skagafjörður 104%, Fjallabyggð 105% og Dalvíkurbyggð 84%. Helstu frávik frá áætlun skýrast af langtímaveikindum starfsfólks og aukinni þjónustuþörf í Skagafirði og Fjallabyggð. Í Dalvíkurbyggð skýrist frávik frá því að Skammtímavistun tók seinna til starfa en áætlanir gerðu ráð fyrir. Lagt fram minnisblað verkefnisstjóra um skýringar á helstu frávikum frá fjárhagsáætlun ársins 2012.

Stjórn samþykkir á grunvelli framangreinds og að tillögu þjónustuhóps að uppgjör til þjónustusvæðanna vegna ársins 2012 verði eftirfarandi;

Húnaþing vestra fái greitt 600.437 kr.

A-Húnavatnssýsla fái greitt 489.849 kr.

Svf. Skagafjörður fái greitt 8.332.071 kr.

Fjallabyggð fái greitt 4.652.268 kr.

Dalvíkurbyggð endurgreiði 5.121.898 kr.

7. **Húsnæðismál.** Verkefnisstjóri fór yfir stöðu mála varðandi búsetumál á Blönduósi í framhaldi af umræðum á síðasta fundi.
8. **Upplýsingar um framlög jöfnunarsjóðs til þjónustusvæðis Norðurlands vestra 2013.** Verkefnisstjóri, framkvæmdastjóri og formaður fóru yfir niðurstöðu kynningarfundar Jöfnunarsjóðs sem haldinn var á Þjóðminjasafninu þann 13. maí s.l þar sem kynnt var ákvörðun Jöfnunarsjóðs um skiptingu framlaga til þjónustusvæða málefna fatlaðra fyrir árið 2013. Umræður urðu um málið.

Stjórn bs um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra lýsir mikilli undrun á boðaðri lækkun á framlögum jöfnunarsjóðs til þjónustusvæðis Norðurlands vestra fyrir árið 2013. Stjórnin bendir á að um er að ræða viðkvæman málaflokk og því afar óheppilegt áform um stórfellda lækkun framlaga ársins 2013 séu kynntar á miðju ári. Að mati stjórnar er mikilvægt að fara gaumgæfilega yfir málið í heild og að allar upplýsingar varðandi útreikninga séu uppi á borðinu. Þá fer stjórnin fram á að gildistöku reglugerðar um skiptingu framlagana verði frestað um óákveðinn tíma.



9. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 13:30 Jón Óskar Pétursson fundarritari.